

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 29

Dags. 18.6.2007

Umhverfis- og skipulagsnefnd, fundur nr. 30

Fundur haldinn í Kjarna 18.júní 2007 kl. 11.00. Fundargerð skráð í tölvu.

Mætt eru Sigurður Skúlason, Þórunn Jónsdóttir, Helgi Hallsson og Ragnar Bjarnason. Guðrún Tryggvadóttir fjarverandi. Sveitarstjóri ritaði fundargerð

Formaður setti fund.

### 1. Breyting á deiliskipulagi í landi Hróarsstaða.

Breytingartillagan var send til birtingar í Lögbirtingarblaðinu 25. apríl (útgáfud. 30. apríl) Auglýsingin birtist í Morgunblaðinu 29. apríl og í Hlaupastelpunni 2. maí. Frestur til að- gera athugasemdir rann út 12. júní og bærust engar athugasemdir. *Nefndin mælist til að sveitarstjórn staðfesti deiliskipulagsbreytinguna óbreytta og auglýsi hana í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni athugun Skipulagsstofnunar.*

### 2. Breyting á deiliskipulagi við Framhaldsskólann á Laugum.

Breytingartillagan var send til birtingar í Lögbirtingarblaðinu 25. apríl (útgáfud. 30. apríl) Auglýsingin birtist í Morgunblaðinu 29. apríl og í Hlaupastelpunni 2. maí. Frestur til að- gera athugasemdir rann út 12. júní og barst ein athugasemd frá eignedum Varmahlíðar, Halldóri Halldórssyni 230734-7399, Svanhildi Halldórsdóttur 010638-7399 og Kristínu Halldórsdóttur 201039-4529. Athugasemdin var undirrituð af Kristínu f.h. eigendanna. Athugasemdin gengur út á að verði tvær nýjar lóðir skipulagðar á því svæði sem um ræðir muni það rýra verulega gildi lóðar og húss Varmahlíðar sem hefur staðið í rúm 70 ár. Þá er rætt um að svipmót byggðarinnar muni gjörbreytast með húsbyggingum á umræddu svæði og útsýni frá Varmahlíð muni skerðast. Þá nefna eigendurnir að fullyrt hafi verið þegar húsin merkt B5 og B6 voru byggð að ekki yrði byggt ofar í landi Laugaskóla.

*Vandséð er að gildi lóðar og húss Varmahlíðar rýrni við það að skipulagðar verði tvær nýjar lóðir og byggð á þeim einlyft hús, þar sem gólfkóti verður um 8 m. lægri en í Varmahlíð.*

*Þá er byggingareitur a.m.k. 8 m. frá lóðarmörkum.*

*Ekki verður hjá því komist að bygging tveggja einbýlishúsa breyti ásýnd og umhverfi. Ugglaut mun útsýni skerðast eitthvað frá því sem nú er úr Varmahlíð, en slíkt hefur gerst á umliðnum árum m.a. með skógrækt.*

*Umhverfis- og skipulagsnefnd er ókunnugt um þær fullyrðingar að ekki yrði byggt ofar í landi Laugaskóla en húsin sem merkt eru B5 og B6.*

*Við meðferð málsins hafa borist bréf frá Framhaldsskólannum á Laugum dags. 12. júní 2007 sem og afrit af bréfi Menntamálaráðuneytisins til Framhaldsskólans á Laugum dags. 17. apríl 2007.*

*Nefndin mælist til að sveitarstjórn staðfesti deiliskipulagsbreytinguna óbreytta og auglýsi hana í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni athugun Skipulagsstofnunar.*

### 3. Aðalskipulag – kynningarfundur.

Kynningarfundur um aðalskipulagsgerð Þingeyjarsveitar verður haldinn 23. júní í Ljósveitningabúð kl. 11-16.

Nefndin ræddi um undirbúning fundarins og fyrirkomulag og fól sveitarstjóra að annast frrekari undirbúning og auglýsingu fundarins.

Fleira ekki gert,  
fundi slitið